



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. nóvember 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, 196. mál**

Samtök atvinnulífsins hafa fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins og hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja skatt á skuldir þeirra.

Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til þess að höfð sé hliðsjón af álagningu skatts/gjalds á fjármálafyrirtæki í Bretlandi og Svíþjóð sem tekið var upp í kjölfar fjármálakreppunnar. SA telja óeðlilegt að leggja sérstakan skatt á eina atvinnugrein án þess að tekjum ríkissjóðs sem skapast af þeirri skattlagningu sé veitt sérstaklega til uppbyggingar þeirrar atvinnugreinar. Í þessu samhengi er bent á að sænska „stabilitetsavgiften“ er gjald sem greitt er í ríkissjóð en ekki skattur eins og í frumvarpi þessu. Það rennur í sjóð til að mæta áföllum tengdum áföllum í bankakerfi framtíðarinnar. Það væri fjármálafyrirtækjum til hagsbóta ef um væri að ræða gjald en ekki skatt þar sem að þá væri um kostnað að ræða í rekstri fyrirtækisins. Þá er bent á að í skýrslu AGS sem kom út á þessu ári var bankaskattur ekki ein af tillögum sjóðsins varðandi breytingar á sköttum hér á landi.

Það er að mati SA vænlegra til árangurs fyrir tekjuöflun að treysta arðsemisgrundvöll bankanna (þar sem ríkið hefur eigendahagsmuni og mun hagnast á því) og jafnframt skapa sem traustastan grundvöll fyrir rekstur þeirra og aðkomu að endurreisn íslensks atvinnulífs fremur en að þýngja þeim með sérstökum sköttum.

Að mati SA mun þessi bankaskattur óumflýjanlega fara yfir í vaxtamyndum í kerfinu og færast yfir á lántakendur eða fjármagnseigendur og þar með þrengja möguleika banka til að vinna að endurreisn íslensks atvinnulífs. Það vekur athygli að Íbúðalánasjóður sem er stór aðili á lánamarkaði fellur ekki undir frumvarpið en mikilvægt er að gæta að samkeppnislegu jafnræði aðila á sama markaði. Samkeppnisstaða mismunandi lánveitenda mun skekkjast verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins